

Mál nr. 232/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. ágúst 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. september 2025, ásamt fylgiskjöllum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 19. september 2025, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X þann 11. október 2022. Er á því byggt að í umrætt sinn hafi M ásamt samstarfsmanni verið að þétta tímalok og fjarlægja mótór og skiptingu úr bifreið. Hafi þeir lagt mótórinn á stand á meðan þeir voru að skipta um skiptingu. Við það verk hafi mótórinn hrúnið niður með þeim afleiðingum að M hafi gripið í hann til þess að forða því að fá hann yfir fæturna. Í framhaldinu hafi M náð að vinda upp á sig þannig að mótórinn hafi fallið á jörðina. Segir í málskoti að M hafi strax fundið fyrir verk í bakinu og hálsinum og hafi því leitað til læknis samdægurs. Þar hafi hann verið greindur með tognun og ofáreynslu á háls-, brjóst- og lendhrygg. Sé hann enn þann dag í dag að glíma við afleiðingar slyssins. Er þess krafist að nefndin staðfesti að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum þessa slyss og M eigi því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Máli sínu til frekari stuðnings byggir M á því að aðstæður á vinnustað hafi verið hættulegar og óforsvaranlegar auk þess sem verkstjórn og verklag hafi verið ófullnægjandi. Þannig hafi X brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vísar M í 13., 1. og 2. mgr. 37., 42., og 46. gr. þeirra laga auk tilgreindra ákvæða reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og reglugerðar nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrgðar eru handleiknar, máli sínu til frekari stuðnings. Þá byggir M því að hann hafi í umrætt sinn hagað störfum sínum í samræmi við leiðbeiningar frá yfirmönnum sínum. Honum hafi verið leiðbeint af sínum yfirmanni um að taka ætti niður mótór og skiptingu saman. Raunar hafi M og samstarfsmanni hans verið úthlutað því verki til að flýta fyrir, þó það væri ekki í samræmi við fyrirmæli framleiðandi. Þá segir M að í umrætt sinn hafi verið búið að styðja undir mótór vélarinnar á þremur stöðum, en sá standur sem hafi verið undir olíupönnu mótorsins hafi verið laus og því vaggað. Mótórinn hafi því staðið á óstöðugum standi/palli sem hafi vaggað og því skapað slysaþættu. Þá hafi þeir ekki getað notað vélargálga til verksins þar sem hann hafi verið í notkun. Vill M meina að umætt verklag og verkstjórn hafi verið ófullnægjandi og aðbúnaður með öllu óviðunandi. Telur M að X hefði getað komið í veg fyrir slysið með einföldum hætti, þ.e. með því að sjá til þess að fullnægjandi og stöðugur standur/pallur væri til staðar fyrir starfsmenn.

Þá byggir M einnig á því að X hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins í samræmi við 79. gr. framangreindra laga nr. 46/1980. Vegna þeirrar vanrækslu hafi engin rannsókn farið fram á vegum Vinnueftirlitsins. Telur M að þetta eigi að leiða til þess að í því mæli sem vafi kann að vera um málsatvik eigi X að bera hallann af þeim vafa.

Í athugasemdum V, dags. 14. ágúst 2025, er skaðabótaábyrgð X hafnað. V byggir á því að X hafi ekki vanrækt tilkynningaskyldu sína til Vinnueftirlitsins. Í því sambandi bendir V að á slysdegi hafi M klárað vinnudaginn. Daginn eftir hafi hann svo látið þjónusturáðgjafa hjá X vita að hann yrði heima vegna bakverks, sem hafi ekki verið óalgengt í hans tilvikum þar sem hann hafi verið að glíma við bakverki. Það hafi því ekki verið fyrr en 17. október 2022 sem X hafi fengið vitneskju um slysið, en þann dag hafi M látið næsta yfirmann sinn vita af því. Í framhaldinu hafi slysið verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. V telur því að hefðbundnar sönnunarreglur eigi að gilda um slysið og skaðabótakröfu M.

Hvað vinnuaðstæður, verkstjórn og verklag varðar þá bendir V á að samkvæmt upplýsingum frá X þá sé í starfslýsingu bifvélaþvirkja tekið fram að farið skuli eftir leiðbeiningum framleiðanda við viðgerðir á bílum. Starfsmenn eigi því að fara eftir fyrirliggjandi verkferlum framleiðanda við vinnu sína enda séu þeir til þess fallnir að tryggja öruggt verklag og koma í veg fyrir slysaþættu. Síðan færir V rök fyrir því, með vísan í verkferla fyrir það verk sem M vann að á slysdegi, að M hafi staðið ranglega að verki.

Til viðbótar bendir V á að M sé menntaður bifvélavirki og hafi unnið hjá X í rúmlega þrjú og hálf ár þegar hann slasaðist. Verði því að telja að hann hefði í ljósi reynslu sinnar og menntunar mátt vita að tryggja þyrfti að mótorinn og skiptingin væru nægilega stöðug á pallinum og að gera þyrfti ráðstafanir áður en mótorinn og skiptingin væru tekin í sundur. Þá hafnar V þeim rökum M að þeir hafi ekki getað notað vélargálga til verksins þar sem hann hafi verið í notkun. Samkvæmt upplýsingum frá X sé viðkomandi gálgi ekki mikið notaður og þá einungis í stutta stund í einu. Lítið mál hefði því átt að vera fyrir M að bíða stutta stund eða gera aðrar ráðstafanir til að tryggja öruggt vinnuumhverfi. Til viðbótar hafnar V því að standurinn/pallurinn hafi verið vanbúinn, óstöðugur eða hafi vaggast. Samkvæmt upplýsingum frá X sé umræddur pallur með CE merkingu og sérhannaður í verk eins og M vann að í umrætt sinn. Hafi pallurinn verið skoðaður af verkstjóra eftir slysið og hafi þá ekkert óeðlilegt komið í ljós. Þá hafi engin sambærileg slys orðið hjá X og pallurinn verið í stöðugri notkun eftir slysið án nokkurra vandkvæða.

Í viðbótarathugasemdom M, dags. 3. september 2025, er m.a. ítrekað að M hafi umrætt sinn verið að fylgja leiðbeiningum sem hann hafi fengið frá sínum yfirmanni, þ.e. þeir hafi hagað störfum sínum eins og þeir hafi verið beðnir um. Hafi starfsmenn ítrekað verið beðnir um að vinna hratt. Með athugasemdom fylgdi einnig ódagsett en undirrituð yfirlýsing sem M segir að komi frá samstarfsmanni M á slysdegi. Hvað varðar tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá byggir M á því að hann hafi tilkynnt þjónustufulltrúa X um slysið og að hann muni hætta fyrr á slysdegi og fara á læknavaktina. Segist M hafi verið með skráðan vinnutíma til kl. 17:00 en farið á læknavaktina kl. 16:00.

Í viðbótarathugasemdom V, dags. 19. september 2025, er m.a. tekið fram að þó M hafi verið með skráðan vinnutíma til kl. 17:00 á slysdegi hafi það ekki verið neitt óvanalegt við það að hann hafi hætt kl. 16:00 þann dag. Eru færð rök fyrir því hvers vegna sú sé raunin. Þá er því bæði hafnað að X hafi sett mikla pressu á starfsmenn að vinna sín verk á sem stystum tíma eða að yfirmaður hafi leiðbeint M og samstarfsmanni um að vinna verkið eins og þeir gerðu. Að auki mótmælir V því að eitthvað hafi verið að umræddum palli.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 11. október 2022. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Nefndin telur að eins og mál þetta liggur fyrir sé rétt að leggja það til grundvallar að M hafi ekki tilkynnt X um slysið fyrr en 17. október 2022 og að í framhaldinu hafi slysið verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Nefndin telur að þetta leiði til þess að X teljist hafa uppfyllt tilkynningarskyldu sína skv. framangreindri 79. gr. Því gilda almennar sönnunarreglur í málinu. Með vísan til framangreinds og þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu, m.a. um hvernig standa átti að umræddu verki svo og til menntunar og reynslu M, telur nefndin að honum hafi ekki tekist að sýna fram á það að slysið verði rakið til athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna X sem geti leitt til skaðabótaábyrgðar gagnvart M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir